

2 nóv 2016 kl 17.00

Fundur 2. aðalstjórn Vestra með forsvarsmönnum deilda, haldinn í fundarsal í Háskólasetrinu.

Mættir eru; Hjalti Karlsson, Guðfinna Hreiðarsdóttir, Sigurður Jón Hreinsson, Pétur Markan, Gísli Jón Hjaltason Sólrún Geirsdóttir og Guðni Guðnason frá stjórn. Sólveig Pálsdóttir, Jónas Sigursteinsson, Aníta Ólafsdóttir, Jenný Hólmsteinsdóttir, Birna Lárusdóttir, Guðfinna Guðmundsdóttir og Svavar Þór Guðmundsson frá deildum.

Gestur fundarins er Jói frá Jakó.

1. Utanyfirbúningamál, útlit og prufur.

Jói frá Jako mætti á svæðið með einhvern slatta af fötum til prufu.

Einnig var verðlisti látinn ganga á milli manna.

Það getur munað ca 30-35% hvort að pöntuð sé stór sending eða stakar flíkur.

Afgreiðslufrestur, frá pöntun að afhendingu er á bilinu 2 til 3 vikur.

Verð á merkingum. Merki félagsins er ekki rukkað fyrir aukalega. Verð fyrir nafn iðkanda undir merki félagsins er 300 kr. Verð fyrir auglýsingar er mismunandi, en verð fyrir mislitar auglýsingar er þrefalt á við einlitar auglýsingar.

Vörulínan sem hér um ræðir, verður framleidd út árið 2017.

Miðað er við að Jói komi aftur fljótlega til að leyfa iðkendum að máta. Jafnvel strax í næstu viku.

Félagsmenn munu panta beint frá Jako, ekki í gegnum Vestra. Til stendur að Jako setji upp sérstaka pöntunarsíðu í gegnum Facebook. Formanni falið að tékka jafnfram á því hvort að sú síða gæti mögulega innifalið keppnisgallana sem blakið og fótboltinn eru að nota.

Ekki liggur nákvæmlega fyrir verðið á göllunum og þarf formaður að krefja umboðið um skýr svör því tengt. Einnig þarf að athuga með aðrar vörur í þessari línu, eins og td töskur eða annað sem telja má vænlega söluvöru.

Fundi slitið kl 18:10

Fundargerð ritaði Siggí Hreins